6. gr.

Félag heyrnarlausra annast um varðveislu sjóðsins og reikningshald. Endurskoðun og birtin reikninga er í höndum löggilts endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema a.m.k. tveir stjórnarmenn samþykki breytinguna.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til svipaðrar starfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. ágúst 2003.

F. h. r.
Hjalti Zophóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

20. ágúst 2003 Nr. 624

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:
Í 5. gr. komi kr. 40.009 í stað kr. 37.744.
Í 6. gr. komi kr. 40.009 í stað kr. 37.744.
Í 10. gr. komi kr. 40.009 í stað kr. 37.744.
Í 14. gr. komi kr. 40.009 í stað kr. 37.744.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. og 26. gr., sbr. 22. gr., laga um málefni aldraða nr. 125/1999 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.